

Nd.

**208. Framvarp**

til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun frá 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Borgarstjóri skal kosinn til 6 ára í senn, af öllum atkvæðisbærum kjós-

endum, sem kosningarrjett eiga til bæjarstjórnar, og hefir hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. i skrifstofufje.

2. gr.

Kosning borgarstjóra skal vera leynileg og skal kosningarathöfnin fram fara á sama hátt, sem kosning til alþingis.

3. gr.

Hjer með er úr gildi numin 2. málsgrein 1. gr. laga nr. 86, frá 22. nóv. 1907.